

# Á annað þúsund bílar fóru um Héðinsfjörð í dag, takk fyrir

Enn fellur umferðarmetið um Héðinsfjarðargöng, ef frá er talinn vígsludagurinn, áður en teljarinn var settur upp, því þegar 10 mínútur voru eftir af þessum degi höfðu 1008 bílar farið þar um. Á sama tíma höfðu 996 bílar farið um Öxnadalsheiði og 399 um Siglufjarðarveg. Vera má að veðrið setji strik í reikninginn hvað morgundaginn varðar, en það kemur í ljós síðar.



Margir bílar fóru um göngin í dag.



Mynd og texti: Sigurður Ágísson | [sae@sae.is](mailto:sae@sae.is)

Kort og línurit: Vegagerdin.is